

**Sp.**

**47. Tillaga til þingsályktunar**

[45. mál]

um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).

(Lögð fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að sækja um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (European Free Trade Association).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í desember 1967 skipaði ríkisstjórnin í samráði við þingflokkana nefnd til að athuga möguleikana á inngöngu Íslands í Fríverzlunarsamtök Evrópu. Í nefndina voru tilnefndir dr. Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptamálaráðherra, formaður, Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, Helgi Bergs, framkvæmdastjóri, Pétur Benediktsson, bankastjóri og Lúðvík Jósepsson, alþingismaður. Varamaður Helga Bergs var Tómas Árnason, hæstaréttarlögmaður, og varamaður Lúðvíks Jósepssonar var Haukur Helgason, bankafulltrúi. Ritarar nefndarinnar voru Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri og Einar Benediktsson, deildarstjóri.

Á vegum nefndarinnar hefur verið samin skýrsla um Fríverzlunarsamtök Evrópu, en með henni fylgir stofnsamningur EFTA ásamt viðaukum og enn fremur auka-aðildarsamningur Finnlands. Hefur skýrslan verið send öllum þingmönnum og vísast til hennar um frekari upplýsingar um málið.

Með hliðsjón af þessari skýrslu, umræðum EFTA-nefndarinnar og viðræðum hennar við fulltrúa hagsmunasamtaka, telur ríkisstjórnin tímabært að fá úr því skorið með hvaða kjörum Ísland geti gengið í EFTA. Er því áformað að leggja aðildarbeiðni Íslands fyrir ráðherrafund samtakanna í Vínarborg dagana 21. og 22. nóvember n. k. Er þess vænzt, að samningaviðræður geti síðan hafizt milli fulltrúa Íslands og Fríverzlunarsamtakanna. Niðurstöður þeirra viðræðna verða, þegar þar að kemur, lagðar fyrir Alþingi og verður þá úr því skorið, hvort Ísland gerist aðili að þessum samtökum.